

Skipulags- og samgönguráð

Ár 2019, miðvikudaginn 30. október kl. 9:09 var haldinn 52. fundur skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð. Ráðssal. Viðstaddir voru: Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, Pawel Bartoszek, Hjálmar Sveinsson, Aron Leví Beck, Eyþór Laxdal Arnalds, Marta Guðjónsdóttir, Katrín Atladóttir og áheyrnarfulltrúarnir Ásta Þórdís Skjalddal Guðjónsdóttir, Baldur Borgþórsson og Ásgerður Jóna Flosadóttir. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Glóey Helgudóttir Finnsdóttir, Björn Axelsson, Þorsteinn Rúnar Hermannsson, Sigurjóna Guðnadóttir og Gréta Mar Jósépsdóttir. Fundarritari var Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

(A) Skipulagsmál

1. **Stekkjاربakki Þ73**, breyting á (04.6) Mál nr. SN160907
deiliskipulagi Elliðaárdals, Stekkjاربakki
010147-3959 Guðrún Ágústsdóttir, Mávahlíð 30, 105 Reykjavík

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 11. september 2019 þar sem bent er á að áður en gengið verður frá auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda þurfi að gera betur grein fyrir eftirfarandi: Skilmálum um heimilað ljósmagn, leitað verði afstöðu Heilbrigðiseftirlits um viðmiðunarmörk vegna umferðarhávaða fyrir þjónustuþúðir, fyrirkomulag á fráveitulögnum og önnur atriði sbr. bréfi stofnunarinnar. Einnig eru lagðir fram uppdrættir Landslags dags. 14. desember 2018, síðast breyttir 27. september 2019 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. sept. 2019.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. september samþykkt með fjórum atkvæðum fulltrúa Pírata, fulltrúa Viðreisnar og fulltrúa Samfylkingarinnar. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins greiða atkvæði gegn umsögninni. Vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúi Miðflokksins bóka:

Margar athugasemdir hafa komið fram varðandi uppbyggingu á atvinnustarfssemi í Elliðaárdal. Ein af þeim er ljósmengun, en Elliðaárdalurinn er skilgreindur sem það svæði sem hefur og á að hafa sem minnsta ljósmengun í skipulagi Reykjavíkurborgar. Í deiliskipulagi fyrir dalinn er gert ráð fyrir að ljósmengun sé ekki umfram E3 skilgreiningu sem þýðir að dalurinn á að vera með minni ljósmengun en önnur svæði í Reykjavík. Sú ákvörðun að setja á fót atvinnustarfssemi og þar að auki stórt gróðurhús gengur þvert gegn skilgreiningu í deiliskipulagi Elliðaárdals.

Fulltrúi Pírata, fulltrúi Viðreisnar og fulltrúar Samfylkingarinnar gagnbóka:

Hæpið er að halda því fram að hér sé verið að að ganga gegn skilgreiningum deiliskipulags dalsins. Hér er ákveðið er að fylgja flokki E2 en sá flokkur er viðmið fyrir utanhússlýsingu á dreifbýlissvæðum, og að auki er miðað við lægra gildi innan þess flokks sk. "post-curfew" viðmið. Í raun er verið að ganga lengra sem nemur raunverulegum myrkurgæðum í dalnum og stífari kröfur gerðar til myrkurverndunar en tíðkast hefur hér á landi.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins bókar:

Það er vont til þess að vita að skipulagsráð sé búið að auglýsa og samþykkja þessar framkvæmdir áður en búið er að bregðast við athugasemdum Skipulagsstofnunar? Er meiningin kannski bara að hunsa þessar athugasemdir? Við lestur bréfs frá Skipulagsstofnun fer ekki milli mála að heilmiklar efasemdir eru í gangi sem dæmi er varðar ljósmagn frá væntanlegri gróðurhævingu. Hér eru áhyggjur af ljósmengun. Stofnunin

mælir með að leitað verði afstöðu Heilbrigðiseftirlits um viðmiðunarmörk vegna umferðarhávaða fyrir þjónustuíbúðir, fyrirkomulag á fráveitulögnum og önnur atriði. Svo margt annað er óljóst í þessu stóra verkefni og má þar nefna hina umdeildu gróðurhvelvingu Aldin Biodome sem byggja á í Elliðaárdalnum á skipulagsreit. Hverjar eru fyrirætlanir með hana er ekki vitað. Hér er óttast enn eina ferðina enn að borgin sé að taka á sig óheyrilegar skuldbindingar. Borgin ætlar að taka á sig 80% kostnaðar framkvæmdaraðili 20%? Eins vantar að fá staðfest hvað verður um Gilsbakka sem Minjastofnun leggur til að verði verndað en í deiliskipulag er talað um að sé víkjandi. Flokkur fólksins vill að haft verði raunverulegt samráð við íbúana en ekki látið duga að hafa 1-2 gerfisamráðsfundi. Það verður aldrei sátt um nýtt þróunarsvæði á Stekkjarbakka nema það fari í íbúakosningu.

Fulltrúi Pírata, fulltrúi Viðreisnar og fulltrúar Samfylkingarinnar gagnbóka:

Það er hluti af eðlilegu lögformlegu ferli að svara athugasemdum Skipulagsstofnunar sem berast eftir að auglýsingartíma er lokið, athugasemdum hefur verið svarað og skipulagið samþykkt. Eftir það ferli er sveitarfélögum skylt að senda skipulagið til Skipulagsstofnunar sem hefur þá 4 vikur til að koma með athugasemdir. Hér er verið að bregðast við þeim athugasemdum. Ekki hefur neitt verið ákveðið um framkvæmdir eða kostnaðarskiptingu á færslu hitaveitulagnar á svæðinu.

Fulltrúi Liska Kristján Kristjánsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

2. **Funafold 42**, breyting á deiliskipulagi (02.860.5) Mál nr. SN190581
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Lögð fram tillaga skrifstofu framkvæmda og viðhalds að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 42 við Funafold. Í breytingunni felst að stækka núverandi leikskóla í Funafold og gera þar 6 deilda leikskóla auk einnar leikskóladeildar, stækka lóð leikskólans, fjölga bílastæðum, færa aðkomu að leikskólanum og færa til norðurs hjólastíg fyrir ofan núverandi lóðamörk, samkvæmt uppdr. umhverfis- og skipulagssviðs dags. 24. október 2019.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Birkir Ingibjartsson verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(C) Fyrirspurnir

3. **Brautarholt 8**, (fsp) hækkun húss (01.241.2) Mál nr. SN180823
570215-0350 Urban arkitektar ehf., Túngötu 45, 101 Reykjavík
181066-4079 Snorri Waage, Hlíðarbyggð 19, 210 Garðabær

Lögð fram fyrirspurn Urban arkitekta ehf. dags. 30. nóvember 2018 ásamt greinargerð dags. 27. nóvember 2018 um hækkun hússins á lóð nr. 8 við Brautarholt úr þremur hæðum í fimm hæðir, samkvæmt uppdr. Urban arkitekta ehf. dags. 16. nóvember 2018, breytt 11. október 2019. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. desember 2018. Lagt fram að nýju ásamt breyttum gögnum/tillögu 26. ágúst /11. október 2019, greinargerð dags. 21. október 2019 og umsögn skipulagsfulltrúa dags 25. október 2019. Frestað.

(B) Byggingarmál

4. **Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa**, Mál nr. BN045423
fundargerð

Fylgiskjal með fundargerð þessari er fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 1041 frá 22. október 2019.

(E) Samgöngumál

5. **Týsgata við Lokastíg, stæði fyrir** Mál nr. US190344
vöruafgreiðslu

Lagt fram bréf dags. 24. október 2019 þar sem lagt er til að stæði í Týsgötu vestan Lokastígs verði skilgreint sem stæði til vöruafgreiðslu og þar verði ekki heimil lagning ökutækja. Bannið sé táknað með umferðarskilti B24.11 og undirmerki um að vöruafgreiðsla sé heimil ásamt gildislengd 15 metrar. Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins sbr. 2. mgr. 81.gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

6. **Reglur um bílastæði fyrir visthæfar** Mál nr. US190346
bifreiðar í Reykjavík, endurskoðun

Lagt er fram bréf dags. 28. október 2019 þar sem lagðar eru til nýjar reglur um heimild til að leggja bifreiðum sem skilgreindar eru visthæfar gjaldfrjálst í 90 mínútur í gjaldskyld bílastæði. Gert er ráð fyrir að nýjar reglur taki gildi 1. janúar 2020. Einnig er lögð fram skýrsla dags. október 2019 frá Parallel ráðgjöf. Samþykkt. Vísað til borgarráðs.

Fulltrúi Pírata, fulltrúi Viðreisnar og fulltrúar Samfylkingarinnar bóka:

Eftir því sem visthæfari bílum fjölgar er óhjákvæmilegt að falla þurfi frá sérstökum bílastæðaívilnunum í þeirra garð. Samanburður við aðrar borgir sýnir raunar að slíkar ívilnanir eru heldur fátíðar. Um sinn var þó talið réttast að halda ívilnunum áfram en einskorða þær við þá bíla undir 5 m sem ganga að fullu fyrir rafmagn eða vetni."

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins bókar:

Flokkur fólksins fagnar allri rýmkun á reglum um heimild til að leggja bifreiðum sem skilgreindar eru visthæfar gjaldfrjáls í 90 mín. í gjaldskyld stæði. Flokkur fólksins lagði fram tillögu 6. júní 2019 að Reykjavíkurborg rýmki aftur reglur um hvaða bílar teljist vistvænir og þeir sem það teljast geti lagt frítt í gjaldskyld bílastæði í allt að 90 mín. Skipulagsyfirvöld hafa verið allt of lengi að taka við sér í þessum efnun. Sú var tíðin að sparneytnir bílar (bensínbilar) höfðu þessa umbun en hún var síðan tekin af. Það kom á óvart og telur Flokkur fólksins það hafi verið mistök. Hvetja átti fólk fyrir löngu að hugsa í þessa átt þ.e. fyrst að aka vistvænum, sparneytum bílum og nú visthæfur bílum (metan og rafmagn.)

7. **Hleðslustöðvar í bílastæðahúsum** Mál nr. US190324
Bílastæðasjóðs, tillaga
(USK2019100018)

Lagt fram til kynningar bréf skrifstofu umhverfisgæða dags. 9. október 2019 þar sem lagt er til að settar verði upp hleðslustöðvar fyrir rafbíla í Bílastæðahúsunum Kolaporti og Ráðhúsinu fyrir árslok 2019, sex hleðslustöðvar í hvoru húsi, og þar með verði komnar hleðslustöðvar í öll bílastæðahús Bílastæðasjóðs. Einnig er lögð fram útskrift úr gerðabók umhverfis- og heilbrigðisráðs þar sem málið var staðfest og vísað til meðferðar. Kynnt.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins bókar:

Flokkur fólksins fagnar því að fjölga eigi hleðslum fyrir rafbíla í bílastæðahúsum í Kolaporti og Ráðhúsi. Hér er verið að setja upp hleðslustöðvar á þessa staði í fyrsta sinn þrátt fyrir að margir eru fyrir löngu komnir á rafbíl. Flokki fólksins finnst allt of hægt ganga að setja upp hleðslustöðvar. Að hafa fáar stöðvar hefur mikinn fælingarmátt fyrir þá sem hyggjast eða langar að skipta yfir í rafbíl. Flokkur fólksins lagði til 12 september 2019 að hraðað yrði uppsetningu hleðslustöðva sem fyrirhugað er að setja upp. Málinu var vísað til meðferðar umhverfis- og heilbrigðisráðs en við tillögunni hefur ekki komið neitt svar enn. Sá tími þarf að vera styttri sem áætlaður er í að setja upp þær stöðvar sem eftir er að setja upp eða um 90 til viðbótar. Setja þarf upp stöðvar við fjölbýlishús hið fyrsta. Ljóst er að ef fólk getur ekki hlaðið rafbíla sína heima hjá sér og þarf að setja í samband við almenningshleðslur fælir það fólk frá að kaupa rafbíl en það mun teyja orkuskiptin. Það vantar einnig hlöður í efri byggðir, t.d. Grafarvog og Breiðholt og reyndar miklu víðar. Þótt það séu hleðslustöðvar í hverfinu dugar það ekki ef aðeins er hægt að hlaða einn eða tvo rafbíla í einu.

(D) Ýmis mál

8. **Erindi til Skipulags- og samgönguráðs,** Mál nr. US190342
vegna Þjóðhildarstígs 2-6

Lagður er fram tölvupóstur dags. 15. október 2019 ásamt viðhengjum vegna kvartana sem hafa borist frá íbúanda vegna ónæðis frá Gullhömrum að Þjóðhildarstíg 2-6.

Vísað til meðferðar byggingarfulltrúa.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins bókar:

Flokkur fólksins hefur áður komi með tillögur er varða hávaðamengun og þá ekki síst að borgin virði reglur um hávaðamengun og að það sé alvöru og virkara eftirlit með reglugerð um hávaðamengun. Tryggja þarf eftirlit með framkvæmd reglugerðar um hávaðamengun í borginni og þurfa allar leyfisveitingar að fylgja reglugerð um hljóðvist og hávaðamörk: <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/724-2008>.

9. **Samgöngumiðstöð,** tillaga um Mál nr. SN180875
samkeppni um deiliskipulag og þróun
samgöngumiðstöðvar og annarrar
byggðar á U-reit - Niðurstöður starfshóps
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 10. október 2019 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á tillögu borgarstjóra dags. 8. október 2019 um að borgarráð feli skipulags- og samgönguráði að efna til hugmyndasamkeppni um nýtt skipulag á Umferðarmiðstöðvarreit (U-reit). Skipaður verði stýrihópur, tveir fulltrúar verði skipaðir í hann úr skipulags- og samgönguráði. Einnig er lögð fram skýrsla starfshóps eftir umsagnarferli dags. október 2019, drög að keppnislýsingu dags. október 2019 og áfangaskýrsla Mannvits vegna umferðarhermunar dags. október 2019.

Samþykkt er að skipa Sigurborgu Ósk Haraldsdóttur og Mörtu Guðjónsdóttir í stýrihópinn.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins bókar:

Áhyggjur eru af umferðarmálum á þessu svæði enda umferðaröngþveiti mikið. Skipulagsyfirvöld hafa ekkert reynt að leysa þær umferðarteppur sem þarna hafa skapast. Nú eru sem dæmi 2 gönguljós í nágrenninu, annað

á Miklubraut á móts við Kjarvalstaði og hitt á móts við HÍ. Þarna vantar snjallljós, flæðiljós því gangandi vegfarendur sem þvera Hringbraut og Miklubraut eru löngu komnir yfir götuna þegar logar ennþá rautt á bílaumferð. Þetta er ólíðandi aðstæður fyrir alla svo ekki sé minnst á mengun meðan bílar bíða staðnaðir eða í hægagangi. Rísi samgöngumiðstöð við miðbæinn þarf að taka á umferðarvandanum og mætti sem dæmi létta á umferðinni með því að bæta ljósastýringarnar. Erfitt er að taka afstöðu til fjölmargra hluta tengt þessu máli, samkeppni um deiliskipulag og þróun samgöngumiðstöðvar enda liggur engin útfærsla fyrir á þessu stigi. Umferðaröngþveiti er djúpstæður vandi í Reykjavík og enda þótt hann sé mestur og verstur á háannatíma þá má segja að umferðin sé mikil allan daginn. Með samgöngumiðstöð sem þessari er orðið ljóst að flugvöllurinn mun vera í Vatnsmýrinni um langan aldur enda enginn annar staður fundinn fyrir hann sem hentar. Flokkur fólksins setur sig ekki upp á móti því

10. **Fyrirspurn fulltrúa
Sjálfstæðisflokksins, Vegna
Stekkjarbakka Þ73**

Mál nr. US190321

1. Óskað er eftir upplýsingum um rekstramódel og fjármögnun á gróðurhvelvingu Aldin Biodome sem byggja á í Elliðaárdalnum á skipulagsreit Þ73 áður en einhver leyfi verða gefin til framkvæmda á þessu svæði. Jafnframt er þess krafist að umræddar upplýsingar verði rýndar af óháðum aðilum. 2. Er gert ráð fyrir því að húsnæði gróðurhvelvingarinnar verði leigt út til annarra aðila en framkvæmdaraðila, ef svo er, þá hverra? 3. Óskað er eftir upplýsingum um heildarkostnað borgarinnar vegna gerðar deiliskipulags við Stekkjarbakka á reit Þ73. Einnig er óskað eftir rökstuðning fyrir því að deiliskipulagskostnaður sem upphaflega átti að skiptast milli borgar og framkvæmdaraðila til helminga hafi breyst í að borgin tæki á sig 80% kostnaðar en framkvæmdaraðili 20%? 4. Samkvæmt umsögn Minjastofnunar vegna skipulagsreits Þ73 er lagt til í varðveislumati húsakönnunar Borgarsögusafns að húsið Gilsbakki, Stekkjabakka 9 verði verndað. Hins vegar er talað um að húsið sé víkjandi í deiliskipulagi. Minjastofnun tekur undir með Borgarsögusafni um að vernda húsið vegna sögulegs gildi þess. Hvers vegna hefur verið ákveðið að húsið verði og á hvaða grundvelli er sú ákvörðun byggð? 5. Hvernig ætlar umhverfis- og skipulagssvið að bregðast við umsögn Skipulagsstofnunar frá 11. september, er varðar ljósmagn? Þar kemur fram að skýrt skuli koma fram hvaða mörk gilda um heimilað ljósmagn á svæðinu, sérstaklega vegna ljóss frá gróðurhvelvingum. Einnig telur stofnunin tilefni til þess að í deiliskipulaginu sé sett fram viðbragðsáætlun, reynist ljósmagn vera meira en skilmálar heimila, sbr. ákvæði í gr. 5.4 í skipulagsreglugerð. Hvernig ætlar umhverfis- og skipulagssvið að bregðast við því áður en haldið er áfram með verkefnið? 6. Í ljótaskýrslu Eflu, kemur fram að ljósmengun sé mæld samkvæmt staðal um utanhússlýsingu ILE (Institution of lighting engineers) E3 (Medium district brightness areas - Small town centres or urban locations). Nú hefur Skipulagsstofnun bent á að mæla eigi ljósmagn fyrir svæðið samkvæmt staðli E2 (Low district brightness areas - Rural or small village locations). Hyggst skipulags- og samgöngusvið vinna að nýrri ljótaskýrslu í samræmi við það?

Liður 1 – 3 er vísað til skrifstofu borgarstjóra og borgarritara. Liður 4 – 6 er vísað til umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu skipulagsfulltrúa.

11. **Fyrirspurn fulltrúa
Sjálfstæðisflokksins, vegna P-merkt
hleðslustæði**

Mál nr. US190322

Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Egils Þórs Jónssonar, Mörtu Guðjónsdóttur og Ólafs Kr. Guðmundssonar vegna hleðslustæða í P-merktum bílastæðum:

Óskað er eftir upplýsingum um hleðslustæði fyrir rafbíla í P-merktum bílastæðum bílastæðahúsa í eigu/umsjá Reykjavíkurborgar. Einnig er óskað eftir upplýsingum um hvernig bregðast eigi við séu ekki hleðslutæki fyrir rafbíla í P-merktum stæðum í bílastæðahúsum Reykjavíkurborgar.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, Skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar

12. **Skólavörðustígur 8**, kæra 104/2019 (01.171.2) Mál nr. SN190624
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 10. október 2019 ásamt kæru dags. 9. október 2019 þar sem kærð er samþykkt byggingarfulltrúa Reykjavík frá 10. september 2019 um leyfi fyrir billjarð stofukrá með vínveitingaleyfi fyrir 30 gesti, veitingastað í flokki II tegund F, í rými 03-0201 í húsi á lóð nr. 8 við Skólavörðustíg.

Vísað til umsagnar, umhverfis og skipulagssviðs, Skrifstofu sviðsstjóra

13. **Skólavörðustígur 8**, kæra 105/2019 (01.171.2) Mál nr. SN190622
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 10. október 2019 ásamt kæru dags. 9. október 2019 þar sem kærð er samþykkt byggingarfulltrúa Reykjavík frá 10. september 2019 um leyfi fyrir billjarðstofukrá með vínveitingaleyfi fyrir 30 gesti, veitingastað í flokki II tegund F, í rými 03-0201 í húsi á lóð nr. 8 við Skólavörðustíg.

Vísað til umsagnar, umhverfis og skipulagssviðs, Skrifstofu sviðsstjóra.

14. **Skólavörðustígur 8**, kæra 106/2019 (01.171.2) Mál nr. SN190621
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 14. október 2019 ásamt kæru dags. 13. október 2019 þar sem kærð er samþykkt byggingarfulltrúa Reykjavík frá 10. september 2019 um leyfi fyrir billjarðstofukrá með vínveitingaleyfi fyrir 30 gesti, veitingastað í flokki II tegund F, í rými 03-0201 í húsi á lóð nr. 8 við Skólavörðustíg.

Vísað til umsagnar, umhverfis og skipulagssviðs, Skrifstofu sviðsstjóra.

15. **Skriðustekkur 17-23**, kæra 93/2019, (04.616.2) Mál nr. SN190575
umsögn
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 23. september 2019 ásamt kæru dags. 19. september 2019 þar sem kærð er ákvörðun byggingarfulltrúa Reykjavíkurborgar dags. 2. september 2019 um að lóðarhafar að Skriðustekki 21 og 27 verði gert að fjarlægja skjólvegg á lóðarmörkum innan 30 daga. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 23. október 2019.

16. **Freyjubrunnur 23**, kæra 102/2019, (02.695.4) Mál nr. SN190586
bráðabirgðaúrskurður
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 30. september 2019 ásamt kæru dags. 28. september 2019 þar sem kærð er samþykkt borgarráðs frá 18. júlí 2019 á tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Freyjubrunn 23. Í breytingunni felst m.a. fjölgun íbúða úr fimm í átta og aukning

á byggingarmagni. Einnig er lagður fram bráðabirgðáúrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 11. október 2019. Úrskurðarorð: Hafnað er kröfu kæranda um stöðvun framkvæmda til bráðabirgða samkvæmt hinni kærðu deiliskipulagsákvörðun.

17. **Bústaðavegur/Kringlumýrarbraut,** Mál nr. SN190585
kæra 101/2019, umsögn, úrskurður
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 30. september 2019 ásamt kæru dags. 26. september 2019 þar sem kærð er samþykkt skipulagsfulltrúa frá 16. ágúst 2019 um útgáfu framkvæmdaleyfis vegna m.a. gerðs fráreinar í akstursstefnu til austurs og breikkun rampa til suðurs á Kringlumýrarbraut ásamt breytingu á akstursleið inn á rampann frá norðurakbraut Bústaðavegar og setja ný umferðarljós á rampann. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 9. október 2019. Jafnframt er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 22. október 2019. Úrskurðarorð: Felld er úr gildi ákvörðun skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar frá 22. ágúst 2019 að veita framkvæmdaleyfi til gerðar "fráreinar í akstursstefnu til austurs og breikkun rampa til suðurs á Kringlumýrarbraut ásamt breytingu á akstursleið inn á rampann frá norðurakbraut Bústaðavegar og setja ný umferðarljós á rampann".

18. **Snorrabraut 54,** breyting á (01.193) Mál nr. SN190129
deiliskipulagi
681116-1920 Snorrabragur ehf., Laugavegi 7, 101 Reykjavík
660504-2060 Plúsarkitektar ehf, Fiskislóð 31, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 10. október 2019 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Snorrabraut 54, Heilsuverndarreits.

19. **Hverfisskipulag - leiðbeiningar,** Mál nr. SN180716
leiðbeiningar

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 11. október 2019 vegna samþykktar borgarráðs frá 10. október 2019 á leiðbeiningum vegna hverfisskipulags.

20. **Hverfisskipulag, Árbær 7.1** (07.1) Mál nr. SN150143
Ártúnsholt, tillaga

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 11. október 2019 vegna samþykktar borgarráðs frá 10. október 2019 á tillögu að hverfisskipulagi Árbæjar, hverfi 7.1 Ártúnsholt.

21. **Hverfisskipulag, Árbær 7.2 Árbær,** (07.2) Mál nr. SN150144
tillaga

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 11. október 2019 vegna samþykktar borgarráðs frá 10. október 2019 á tillögu að hverfisskipulagi Árbæjar, hverfi 7.2 Árbær.

22. **Hverfisskipulag, Árbær 7.3 Selás,** (07.3) Mál nr. SN150145
tillaga

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 11. október 2019 vegna samþykktar borgarráðs frá 10. október 2019 á tillögu að hverfisskipulagi Árbæjar, hverfi 7.3 Selás.

23. **Fyrirspurn frá fulltrúum** Mál nr. US190352
Sjálfstæðisflokksins, fyrirspurn

Óskað er eftir að skipulagsráð fái þær skoðanakannanir sem gerðar hafa verið varðandi "Biodome" og Elliðaárdal.

24. **Fyrirspurn frá fulltrúum Sjálfstæðisflokksins, fyrirspurn** Mál nr. US190353

Hvernig samræmist rúmlega 800 m² svæði fyrir verslunar- og veitingarekstur sem gert er ráð fyrir í húsnæði "Biodome" í drögum að deiliskipulagi ákvæðum Aðalskipulags Reykjavíkur

25. **Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokks, vegna tafa á framkvæmdum við Hverfisgötu.** Mál nr. US190354

Verulegar tafir hafa orðið á framkvæmdum við Hverfisgötu en þeim átti upphaflega að vera lokið í ágústmánuði síðastliðnum. Þessar tafir hafa leitt til þess að rekstraraðilar hafa séð sig knúna til að hætta rekstri. Óskað er skýringa á þessum töfum og hvenær er áætlað að framkvæmdum ljúki?

26. **Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokks, vegna framkvæmda við Bústaðaveg** Mál nr. US190355

Óskað er upplýsinga um hvers vegna framkvæmdaleyfi var veitt vegna framkvæmda við aðrein og ramp við Bústaðaveg án þess að grenndarkynning hafi farið fram? Þá er óskað upplýsinga um hvernig Reykjavíkurborg muni bregðast við niðurstöðu Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála um að fella framkvæmdaleyfið úr gildi.

27. **Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks,** Mál nr. US190356

Í þeim tilgangi að auka sjálfbærni Staðahverfis og tryggja skólahlald í Korpuskóla til framtíðar er skipulagsfulltrúa falið að gera tillögur að breytingum á aðal- og deiliskipulagi hverfisins sem miða að því að fjölga íbúum og þetta byggð. Gert verði ráð fyrir því að önnur þjónusta og verslun fái einnig tækifæri til að þróast innan hins nýja skipulags. Sérstök áhersla verði lögð á að nýjar íbúðir henti vel ungum barnafjölskyldum og fyrstu kaupendum. Áform meirihluta borgarstjórnar um að loka Korpuskóla munu draga úr lífsgæðum fjölskyldna sem búa í Staðahverfi og hafa áhrif á áhuga fólks á að flytja í hverfið. Það er því mikilvægt að flýta skipulagsgerðinni sem kostur er og leggja drög að skipulagsbreytingum fyrir ráðið og íbúa hverfisins hið allra fyrsta.

Greinargerð fylgir tillögunni
Frestað.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 10:50

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir

Pawel Bartoszek
Aron Leví Beck
Marta Guðjónsdóttir

Hjálmar Sveinsson
Eyþór Laxdal Arnalds
Katrín Atladóttir

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp
borgarstjórnar**

Árið 2019, þriðjudaginn 22. október kl. 10:15 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1041. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Erna Hrönn Geirsdóttir, Nikulás Úlfar Másson, Harpa Cíllia Ingólfssdóttir, Óskar Torfi Þorvaldsson, Lulu Munk Andersen og Olga Hrund Sverrisdóttir. Fundarritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

1. **Aðalstræti 4** (01.136.501) 100591 Mál nr.
BN056733
680390-1189 Best ehf., Þverholti 14, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum, aðstöðu húsvarðar er breytt í hótélherbergi sem er hluti af Center Hotel Plaza fl. IV tegund A sem rúmar alls 510 gesti í húsi á lóð nr. 4 við Aðalstræti.
Bréf hönnuðar dags. 23. september 2019 og húsaskoðun byggingarfulltrúa dags 16. október 2019.
Gjald kr. 11.200 + 11.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.
2. **Austurbakki 2** (01.119.801) 209357 Mál nr.
BN056791
551117-1460 FX Iceland ehf., Hrauntungu 20, 200 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að innrétta þjónusturými í hluta rýmis 0101 í mhl. 04 í húsi nr. 2 við Geirsgötu á lóð nr. 2 við Austurbakka.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
3. **Austurbakki 2** (01.119.801) 209357 Mál nr.
BN056763
630109-1080 Reginn hf., Hagasmára 1, 201 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að innrétta rými L1 í kjallara mhl.02 sem safn fyrir 40 manns í einu, verslun og veitingahús í flokki II, tegund C og E fyrir 34 gesti og starfsfólk verður 7-8 manns í húsi nr. 2 við Kalkofnsveg á lóð nr. 2 við Austurbakka.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
4. **Austurberg 28-38** (04.670.7--) 112108 Mál nr.
BN056707
560885-0249 Austurberg 36, húsfélag, Pósthólf 82, 121 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að setja svalalokanir á allar svalir og sérafnotafleti vesturhliðar sambýlishúss nr. 36, mhl.05, á lóð nr. 28-38 við Austurberg.
Stækkun: B-rými: 42.4 ferm., 343,4 rúmm.
Gjald kr. 11.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu

byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við fokheldi. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

5. **Austurstræti 3** (01.140.213) 100834 Mál nr.
BN056178
521288-1409 Fitjaborg ehf, Háholti 8, 210 Garðabær
Sótt er um leyfi til að byggja flóttastiga á bakhlið húss, að hluta á lóðinni Hafnarstræti 4 og innrétta veitingastað í flokki III, teg. skemmtistaður á 2. og 3. hæð húss á lóð nr. 3 við Austurstræti.
Erindi fylgir minnisblað um brunavarnir frá EFLU dags. 15. mars 2019, umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 22. maí og 16. júlí 2019, skýrsla um hávaðaútbreiðslu frá EFLU dags. 27. maí 2019, samningur um flóttastiga á lóð Hafnarstrætis 4 dags. 30. apríl 2019, samþykki meðeigenda, samþykki eigenda Hafnarstrætis 4 dags. 30. apríl 2019 og í byggingarlýsingu er farið fram á undanþágu frá kröfu um algilda hönnun í samræmi við grein 6.1.5 í byggingareglugerð. Minnisblað um hávaðaútbreiðslu frá Verkís dags. 6. september 2019.
Einnig fylgir útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 17. maí 2019 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. maí 2019.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
6. **Ármúli 9** (01.263.001) 103518 Mál nr.
BN056593
470905-1740 Sýn hf., Pósthólf 166, 232 Keflavík
530117-0300 Reitir - hótél ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055577 þannig að léttum innveggjum er breytt í húsi á lóð nr. 9 við Ármúla.
Erindi fylgir tölvupóstur frá hönnuði dags. 19. september 2019.
Gjald kr. 11.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
7. **Ásvallagata 25** (01.162.206) 101264 Mál nr.
BN056449
520407-0570 Ásvallagata 25, húsfélag, Ásvallagötu 25, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja svalir á 2., 3. og rishæð í íbúðarhúsi á lóð nr. 25 við Ásvallagötu.
Erindi fylgir ódagsett samþykki allra húseigenda áritað á uppdrátt dags. 11. júlí 2019, undirritað umboð eiganda íbúðar 0301 dags. 11. júní 2019 og umboð eiganda íbúðar 0001, dags. 11. júní 2019 auk skýrslu burðarþolshönnuðar dags. 14. júlí 2019. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 9. ágúst 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. ágúst 2019. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18. október 2019 fylgir erindi.
Erindi var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Ásvallagötu 23 og 27 og Brávallgötu 30 og 40 frá 13. september 2019 til og með 11. október 2019. Engar athugasemdir bárust.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
8. **Bláskógar 16** (04.941.303) 112949 Mál nr.
BN056809
020944-4209 Sveinbjörn Kristjánsson, Bláskógar 16, 109 Reykjavík

171045-7899 Arnbjörg Óladóttir, Bláskógar 16, 109 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir innri breytingum þar sem lokað er fyrir aðgengi á milli íbúða og gangur er sameinaður, við íbúð 0101, í húsinu á lóð nr. 16 við Bláskóga.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.

9. **Borgartún 28** (01.230.101) 102912 Mál nr.
BN056696

650572-1659 Fagtak ehf., Pósthólf 37, 222 Hafnarfjörður
690612-0970 HEK ehf., Strandgötu 11, 220 Hafnarfjörður
Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN050166 þannig að þrepi er bætt við efst í hringstíga á 7. hæð í rými 0702 sem stækkar lítillaga og brunastúka færast innar á hæðina þannig að íbúð 0701 minnkar sem því nemur í skrifstofu-og íbúðarhúsi, mhl. 02, á lóð nr. 28 við Borgartún.
Erindi fylgir undirritað umboð til aðalhönnuðar vegna byggingarleyfisumsóknar dags. 16. september 2019.
Gjald kr. 11.200
Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.
Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

10. **Bólstaðarhlíð 5** (01.270.211) 103588 Mál nr.
BN056768

270980-4309 Davíð Kristófer Young, Bólstaðarhlíð 5, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að tengja geymslu við íbúð 0001 sem var í eigu íbúðar 0201 og að fjarlægja vegg úr sem skilur íbúð frá geymslu og vegg í milli stofu og eldhús í íbúð 0001 í húsinu og að koma fyrir geymslu 0103 í bílskúr 0102 mhl. 02 á lóð nr. 5 við Bólstaðarhlíð.
Samþykki meðeigenda dags. 4. desember 2012 fylgir erindinu.
Gjald kr. 11.2000
Frestað.
Vísað til athugasemda.

11. **Brúnavegur 13** (01.351.001) 104174 Mál nr.
BN056787

570269-2679 Sjómannadagsráð, Laugarási Hrafnistu, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta áður samþykktu erindi BN053521 vegna lokaúttektar, þar sem felldar eru út brunaskilgreiningar á tveimur hurðum í skrifstofum og fella út eitt ÚT-ljós í kjallara húss á lóð nr. 13 við Brúnaveg.
Gjald kr. 11.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

12. **Bæjarháls 1** (04.309.601) 190769 Mál nr.
BN056729

501213-1870 Veitur ohf., Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta dælu- og spennistöð mhl.07 þannig að þak er fjarlæggt að hluta og hækkað um 1,6 m með stálgrind sem klædd verður með samlokueiningum á húsi nr. 1 við Bæjarháls.

Erindi fylgir hæðablað dags. desember 2000, mæliblað dags. 17. nóvember 2005 og ódagsett samþykki meðeigenda.

Stækkun: 125,4 ferm., 320,7 rúmm.

Heildarstærð eftir stækkun: 255,6 ferm., 1.062,4 rúmm.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa og til athugasemda.

13. **Dunhagi 18-20** (01.545.113) 106483 Mál nr.
BN056641

510209-0440 D18 ehf., Borgartúni 24, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN052641 þannig að íbúðum er fjölgað úr 20 í 23, innra skipulagi breytt og verslunarrými sameinuð, gluggum breytt, gerðar sýlir og sorp verslunar fært út á lóð húss á lóð nr. 18-20 við Dunhaga.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 27. september 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. september 2019.

Mínnkun: -30,6 ferm., 96,9 rúmm.

Gjald kr. 11.200 + 11.200

Frestað.

Vísað til athugasemda.

14. **Döllugata 2** (05.113.705) 214844 Mál nr.
BN056061

161072-5599 Helga Björk Haraldsdóttir, Holtagerði 7, 200 Kópavogur

Sótt er um leyfi til að byggja einbýlishús á tveimur hæðum með aukaíbúð og innbyggðum bílskúr á lóð nr. 2 við Döllugötu.

Erindi fylgir mæliblað 5.113.7 dags. 21. febrúar 2008 og hæðablað 5.113.7 útgefið 11. mars og breytt 22. maí 2008.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 3. maí 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. maí 2019.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 4. október 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. október 2019.

Stærð: A-rými: 319.0 ferm., 1.010.3 rúmm.

Gjald 11.200 kr + 11.200 kr..

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

15. **Eggertsgata 2-34** (01.634.-99) 106682 Mál nr.
BN056795

540169-6249 Félagsstofnun stúdenta, Háskólatorgi Sæmundar, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta teikningum og skráningartöflu vegna gerðar eignaskiptasamnings fyrir hús nr. 121 við Suðurgötu, á lóð nr. 2-34 við Eggertsgötu.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Vísað til athugasemda.

16. **Engihlíð 8** (01.701.219) 106982 Mál nr.
BN056794

570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta geymslu í kjallara í snyrtingu fyrir starfsfólk leikskólans Hlíð, í húsinu á lóð nr. 8 við Engihlíð.

Gjald kr. 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

17. **Eyjarslóð 1** (01.111.502) 100028 Mál nr.
BN056535
541008-1440 GT 2 ehf., Fiskislóð 31, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi og gluggasetningu og setja svalir á 2. hæð iðnaðar- og skrifstofuhúss nr. 1, mhl-01, við Eyjarslóð.
Erindi fylgir mæliblað 1.111.502 endurútféið í febrúar 2001, umsögn burðarþolshönnuðar dags. 3. september 2019, samþykki meðlóðarhafa dags. 2. september 2019 og samkomulag um byggingarrétt á lóðinni dags. 22. ágúst 2019. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 13. september 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. september 2019.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Lagfæra skráningu.
18. **Fálkagata 18** (01.553.009) 106523 Mál nr.
BN056796
660116-0360 Berg 13 slf., Smiðjuvegi 11, 200 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að breyta verslunarhúsæði á 1. hæð í 3 einstaklingsíbúðir, innra skipulagi breytt á 2. hæð sem og gluggum og útihurðum á húsi nr. 18 við Fálkagötu.
Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 5. október 2019 og bréf hönnuðar með yfirliti yfir breytingar.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
19. **Fellsmúli 5-11** (01.294.302) 103829 Mál nr.
BN056746
450685-0629 Fellsmúli 9, húsfélag, Fellsmúla 9, 108 Reykjavík
Sótt um leyfa til að breyta erindi BN056064, á þann hátt að hliðar svalahandriða eru hækkaðar á svölum á suðurhlið fjölbýlishúss nr. 9-11 á lóð nr. 5-11 við Fellsmúla.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
20. **Flókagata 43** (01.245.312) 103267 Mál nr.
BN056780
180471-3089 Ragnar Þórisson, Hjallabrún 2, 810 Hveragerði
011173-3739 Hjördís Árnadóttir, Hjallabrún 2, 810 Hveragerði
110978-4729 Jóhanna Jakobsdóttir, Flókagata 43, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum þar sem eignarhald breytist og bílgeymslu, mhl.02, er breytt í geymslur fyrir íbúðir 0101 og 0201 í húsi á lóð nr. 43 við Flókagötu.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
21. **Fossaleyfir 19-23** (02.468.101) 180547 Mál nr.
BN056518
611200-2770 Ó.Johnson & Kaaber ehf., Tunguhálsi 1, 110 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja lager- og frystigeymslu, mhl. 03, norðan við núverandi byggingar (mhl. 01 og mhl. 02) á lóð nr. 19-23 við Fossaleyni. Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 23. júlí 2019 og afrit af fyrirspurn og svari til skipulags dags. 11. júní 2019, deiliskipulagsuppráttur samþykktur dags. 10. janúar 2014, mæliblað nr. 2.468.1 dags. 20. júní 2012 og hæðablað dags. september 2006.

Einnig bréf hönnuðar dags. 16. ágúst 2019.

Stærð mhl. 03:

1. hæð: 3.545,9 ferm., 34.063,7 rúmm.

2. hæð: 418,4 ferm., 1.380,6 rúmm.

Samtals mhl. 03, án B-rýma: 3.964,3 ferm., 35.973,7 rúmm.

B-rými: 37,6 ferm., 135,4 rúmm.

Gjald kr. 11.200 + 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

22. **Friggjarbrunnur 42-44** (05.053.201) 205962 Mál nr.
BN056013

450997-2779 Bygg Ben ehf., Vesturlbr Fífilbrekku, 110 Reykjavík

Sótt er um leyfi að breyta erindi BN048498 þannig að fækkað er flóttaleiðum úr bílakjallara úr 5 í 3 í húsinu á lóð nr. 42-44 Friggjarbrunni.

Samþykki meðeigenda dags. 9. sept. 2019 fylgir.

Gjald: kr. 11.200

Frestað.

Vísað til athugasemda eldvarnareftirlits.

23. **Fylkisvegur 6-8** (04.364.101) 111277 Mál nr.
BN053966

481173-0359 Íþróttafélagið Fylkir, Fylkisvegi 6, 110 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja tvílyft, steinsteypt þjónustuhús með kjallara á lóð nr. 6-8 við Fylkisveg.

Erindi fylgir útreikningur á orkuramma dags. 14. desember 2017 og bréf frá hönnuði ódags. mótt. 8. júlí 2019. Einnig fylgir greinagerð hönnuða dags. október 2019 og hljóðvistarskýrsla Hljóðtæknilausna, útgáfa 1, dags. 27. ágúst 2019.

Stærð:

A-rými: 2.538,1 ferm., 10.715,1 rúmm.

Gjald kr. 11.000 + 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggir að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífarnar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.

Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.

24. **Gerðarbrunnur 2-10** (05.056.401) 206052 Mál nr.
BN056789
540814-0230 Kjalarland ehf., Lágmúla 6, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir breytingum á erindi BNxxxx þannig að innra skipulagi er breytt í húsi xx á lóð nr. 2-10 við Gerðarbrunn.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
25. **Grensásvegur 8-10** (01.295.305) 103846 Mál nr.
BN056496
630216-1680 E - fasteignafélag ehf., Garðastræti 37, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að breyta 2.-4. hæð í xx íbúðir, byggja svalir á vesturhlið 2. og 3.hæðar, innbyggðar svalir með svalalokunum á austurhlið og inndregnar þaksvalir meðfram langhliðum skrifstofu- og þjónustuhúsnæðis nr. 10, mhl. 06, á lóð nr. 8-10 við Grensásveg.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18. október 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. október 2019.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda og umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 18. október 2019.
26. **Grensásvegur 16A** (01.295.407) 103854 Mál nr.
BN056737
521115-1060 Grensásvegur 16A ehf., Laugavegi 182, 105 Reykjavík
Sótt um leyfi til að breyta erindi BN056392, þaksvalir á 4. hæð og tilheyrandi geymsla, í mhl. 03, er felld út/fjarlægð á húsi nr. 16A við Grensásveg.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
27. **Grensásvegur 22** (01.801.215) 107636 Mál nr.
BN055787
670976-0419 Olav Forum ehf, Grensásvegi 22, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að opnað hefur verið yfir lóðamörk að nr. 24 sem verður hús nr. 26 sjá erindi BN055716 í mhl. 02 og innréttuð heildverslun í mhl. 02 sem byggð var sem bílageymsla á lóð nr. 22 við Grensásveg.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 8. mars 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. mars 2019.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
28. **Grensásvegur 26** (01.801.213) 107634 Mál nr.
BN055716
680501-3350 Samasem ehf., Grensásvegi 22-24, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að sameina lóðir 24 og 26, viðbyggingu við suðurgafli og tímabundna opnun milli Grensásvegar 26 (áður nr. 24) og Grensásvegar 22, einnig er sótt um áður gerðar breytingar s.s. timburbyggingu (gróðurskála) og leyfi fyrir rekstri gistiheimilis í flokki II, tegund b, fyrir 23 gesti í mhl. 01 og 8 gesti í mhl. 02 á lóð nr. 26 við Grensásveg.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 8. mars 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. mars 2019.
Stækkun, útigeymsla: 51,9 ferm., 145,3 rúmm.
Gróðurskáli og tengingangur: 212 ferm., 632,9 rúmm.
Sólskáli: 21,6 ferm., 55,5 rúmm.
Samtals: 285,7 ferm., 833,7 rúmm.
Gjald kr. 11.200
Frestað.

Vísað til athugasemda.

29. **Grettisgata 27** (01.173.136) 101553 Mál nr.
BN056792
260675-4789 Ásta Sól Kristjánsdóttir, Grettisgata 27, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta samþykktu erindi BN055666, þannig að stækkun, sem gefin var upp, er leiðrétt í byggingalýsingu fyrir húsið á lóð nr. 27 við Grettisgötu.
Rétt stækkun er: XX ferm., XX rúmm.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
30. **Gufunesvegur 4** (02.216.004) 108954 Mál nr.
BN056810
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir fjórum 30 ferm. smáhýsum úr krosslímdum timbureiningum (CLT), sem koma tilbúin og verða sett á bita sem felldir eru ofan í úrtak á reitum 4a, 4b, 4c og 4d á lóð nr. 4 við Gufunesveg.
Erindi fylgir mæliblað nr. 2.216.0 síðast breytt 20. janúar 1981.
Stærðir:
4a: 33,1 ferm., 101,6 rúmm.
4b: 30,1 ferm., 94,5 rúmm.
4c: 30,1 ferm., 94,5 rúmm.
4d: 30,1 ferm., 94,5 rúmm.
Samtals: 123,4 ferm., 385,1 rúmm.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
31. **Gylfaflöt 4** (02.578.202) 224861 Mál nr.
BN056615
521017-0660 GF-4 ehf., Aflakór 9, 203 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN054080 vegna lokaúttektar þannig að útliti er breytt og innra skipulagi er breytt þannig að rými 0102 til 0108 verða sameinuð í eitt rými og snyrtingar og stigar innan þeirra fjarlægðir í húsi á lóð nr. 4 við Gylfaflöt.
Erindi fylgir greinagerð Eflu um val og hönnun brunavarna dags. 26. ágúst 2019, ódagsett yfirlit Eflu um val á handslökkvitækjum og ósamþykkt afrit af teikningum í A3 með yfirliti yfir breytingar. Tölvupóstur frá hönnuði með umbeðnum gögnum dags. 5. september 2019. Greinagerð um val og hönnun brunavarna frá Eflu, útg. 001-V03, dags. 23. september 2019.
Gjald kr. 11.200. + 11.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
32. **Haðaland 1-7** (01.864.001) 108809 Mál nr.
BN056756
051057-7169 Sigurður Þ K Þorsteinsson, Brautarland 20, 108 Reykjavík
020659-5139 Margrét Jónína Gísladóttir, Brautarland 20, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að byggja nýtt steinsteypt einbýlishús nr. 5, mhl.03, með kjallara og bílskúr á lóð nr. 1-7 við Haðaland.
Stærðir: A-rými: 351.4 ferm., 2063.4 rúmm. B-rými: 87.3 ferm., 275.4 rúmm.
Gjald kr. 11.200
Frestað.

Vísað til athugasemda.

33. **Hafnarstræti 18** (01.140.303) 100837 Mál nr.
BN056543

700104-2650 Suðurrhús ehf., Suðurlandsbraut 46, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN054146 þannig að sett verður lyfta í stigahús og hjólastólalyftur í verslunarrýmum eru fjarlægðar og gluggasetningu er breytt á miðjukvisti á 2. hæð húss á lóð nr. 18 við Hafnarstræti.
Umsögn Minjastofnun Íslands dags. 23. sept. 2019 fylgir.
Stækkun: 165 rúmm.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.

34. **Haukahlíð 1** (01.629.102) 221262 Mál nr.
BN056804

